

FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

2015/EES/55/10

frá 7. júlí 2014

um breytingu á ákvörðun 2003/467/EB að því er varðar yfirlýsingu um að Eistland sé opinberlega laust við smitandi hvítblæði í nautgripum

(tilkynnt með númeri C(2014) 4547)

(2014/441/ESB) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 64/432/EBE frá 26. júní 1964 um vanda á sviði heilbrigðis dýra sem hefur áhrif á viðskipti innan Bandalagsins með nautgripi og svín ⁽¹⁾, einkum E-lið í I. hluta viðauka D,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Tilskipun 64/432/EBE gildir um viðskipti innan Sambandsins með nautgripi og svín. Þar er mælt fyrir um skilyrðin fyrir því að lýsa megi aðildarríki eða svæði í aðildarríki opinberlega laust við smitandi hvítblæði í nautgripum að því er varðar nautgripahjarðir.
- 2) Í III. viðauka við ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2003/467/EB ⁽²⁾ er skrá yfir aðildarríki og svæði þeirra sem eru opinberlega lýst laus við smitandi hvítblæði í nautgripum.
- 3) Eistland hefur lagt gögn fyrir framkvæmdastjórnina þar sem sýnt er fram á að skilyrðin, sem mælt er fyrir um í tilskipun 64/432/EBE, fyrir því að vera lýst opinberlega laust við smitandi hvítblæði í nautgripum, eru uppfyllt að því er varðar allt yfirráðasvæðið.
- 4) Í kjölfar mats á gögnunum, sem Eistland lagði fram, ætti að lýsa það aðildarríki sem opinberlega laust við smitandi hvítblæði í nautgripum.
- 5) Því ber að breyta III. viðauka við ákvörðun 2003/467/EB til samræmis við það.
- 6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum III. viðauka við ákvörðun 2003/467/EB er breytt í samræmi við viðaukann við þessa ákvörðun.

2. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 7. júlí 2014.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Tonio BORG

framkvæmdastjóri.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 200, 9.7.2014, bls. 19. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 1/2015 frá 25. febrúar 2015 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, biður birtingar.

⁽¹⁾ Stjtið. EB 121, 29.7.1964, bls. 1977/64.

⁽²⁾ Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2003/467/EB frá 23. júní 2003 um að staðfesta að tiltekin aðildarríki eða héruð aðildarríkja séu opinberlega laus við berkla, öldusótt og smitandi hvítblæði í nautgripahjörðum (Stjtið. ESB L 156, 25.6.2003, bls. 74).

VIÐAUKI

Í stað 1. kafla III. viðauka við ákvörðun 2003/467/EB komi eftirfarandi:

„1. KAFLI

Aðildarríki sem eru opinberlega laus við smitandi hvítblæði í nautgripum

ISO-kóði	Aðildarríki
BE	Belgía
CZ	Tékkland
DK	Danmörk
DE	Þýskaland
EE	Eistland
IE	Írland
ES	Spánn
FR	Frakkland
CY	Kýpur
LV	Lettland
LT	Litháen
LU	Lúxemborg
NL	Holland
AT	Austurríki
SI	Slóvenía
SK	Slóvakía
FI	Finnland
SE	Svíþjóð
UK	Bretland“